

Ed.

**179. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju.

2. gr.

Kennarafjélagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki tii, þá eftirlátnum börnum hans á ómaga-aldri. styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.